

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 5. febrúar 2024 í máli nr. 91/2023

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 31. ágúst 2023 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að endurgreiða sér alls 4.367 USD í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á bifreið.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 4. september, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Boð um aðild var sent með ábyrgðarbréfi þann 10. nóvember 2023 sem var mótttekið af hálfu varnaraðila þann 13. sama mánaðar. Nefndinni bærust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, bókunarstaðfesting vegna leigu á bifreiðinni ásamt samningsskilmálum og afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila.

Með bréfi, dags. 2. febrúar 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Af málgögnum má ráða að sóknaraðili og varnaraðili sömdu þann 2. febrúar 2020 um fyrirhugaða leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila frá 30. júlí til 13. ágúst 2020. Sóknaraðili greiddi leigugjald að fullu við bókunina, alls 4.367 USD.

Þann 16. mars 2020 tilkynnti sóknaraðili varnaraðila um afpöntun sína á leigu bifreiðarinnar vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Varnaraðili staðfesti móttöku afpöntunar með tölvupósti degi síðar og bauð sóknaraðila endurgreiðslu að fullu eða inneign til notkunar síðar hjá varnaraðila á næstu 12 mánuðum á sama verði og samkvæmt leigusamningi aðila. Sóknaraðili óskaði þann sama dag eftir endurgreiðslu leigugjalds. Veitti varnaraðili sóknaraðila í kjölfarið þær upplýsingar að ferli endurgreiðslu tæki um einn mánuð. Sóknaraðili ítrekaði kröfu sína um endurgreiðslu aftur en hún hefur enn ekki borist.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér leigugjaldið að fullu í samræmi við skilmála varnaraðila og leigusamning aðila.

IV

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hefur hvorki skilað inn andsvörum

né gögnum. Byggir niðurstaða málsins á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Í bókunarstaðfestingu, sem barst sóknaraðila í kjölfar bókunar, kemur eftirfarandi fram: „Free cancellation (until 48 hours)“. Í sama skjali var að finna hlekk inn á skilmála varnaraðila. Ákvæði afpöntunar voru svohljóðandi:

„If you cancel up to 2 days (48 hours) prior to pick up, you get full refund (100% refund).

If you cancel less than 48 hours before pick up you will not get a refund (0% refund).

No shows are not refunded (0% refund).

If you pick up the car, but decide to drop off early, we do not refund the unused, or partly used rental day(s).“

Við bókun bifreiðarinnar voru sóknaraðila samkvæmt framangreindu veittar þær upplýsingar af hálfu varnaraðila að leigugjaldið yrði að fullu endurgreitt ef hætt yrði við leiguna þegar meira en 48 klukkustundir væru þar til leigutíminn átti að hefjast.

Meginregla samningaréttar er sú að gerða samninga beri að halda. Framangreint ákvæði í skilmálum varnaraðila er skýrt og er sett fram án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrðið um tímamörk afbókunar eru uppfyllt. Sóknaraðili afpantaði leiguna þegar rúmlega fjórir mánuðir voru þar til leigutíminn átti að hefjast og voru skilyrði til endurgreiðslu uppfyllt. Er því fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu í samræmi við skilmála varnaraðila. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila alls 4.367 USD.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að greiða sóknaraðila, X, 4.367 USD.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða gjald vegna kostnaðar nefndarinnar af meðferð málsins að fjárhæð 35.000 krónur, sbr. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson